



Samtök félagsmálastjóra á Íslandi
Bt. Rannveigar Einarsdóttur
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 frn@frn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 9. maí 2019
Tilv.: FRN19040086/08.10

Efni: Álit félags- og barnamálaráðherra um lögmæti skilyrðis um lágmarkslennd búsetu í sveitarfélagi til að öðlast rétt til félagsþjónustu.

Félags- og barnamálaráðherra hefur á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, ákveðið að taka til umfjöllunar að eigin frumkvæði lögmæti ákvæða í reglum einstakra sveitarfélaga þar sem lágmarkslennd búsetu í sveitarfélagi er gerð að skilyrði fyrir rétti íbúa til félagsþjónustu á grundvelli XII. kafla laganna sem fjallar um húsnæðismál.

Hjálagt er álit félags- og barnamálaráðherra um lögmæti skilyrðis um lágmarkslennd búsetu í sveitarfélagi til að öðlast rétt til félagsþjónustu.

Fyrir hönd félags- og barnamálaráðherra

Águst Þór Sigurðsson

Lísa Margrét Sigurðardóttir

Samrit: Samband íslenskra sveitarfélaga.



Samtök félagsmálastjóra á Íslandi
Bt. Rannveigar Einarsdóttur
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 frn@frn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 9. maí 2019
Tilv.: FRN19040086/08.10

Efni: Álit félags- og barnamálaráðherra um lögmæti skilyrðis um lágmarkslennd búsetu í sveitarfélagi til að öðlast rétt til félagsþjónustu.

Félags- og barnamálaráðherra hefur á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, ákveðið að taka til umfjöllunar að eigin frumkvæði lögmæti ákvæða í reglum einstakra sveitarfélaga þar sem lágmarkslennd búsetu í sveitarfélagi er gerð að skilyrði fyrir rétti íbúa til félagsþjónustu á grundvelli XII. kafla laganna sem fjallar um húsnæðismál.

Í XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga segir í 1. mgr. 45. gr að sveitarstjórnir skuli, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leiguþúsnæði, félagslegu kaupleiguþúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna. Enn fremur segir í 46. gr. laganna að félagsmálanefndir skuli sjá til þess að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum, sem ekki eru færir um það sjálfir, úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn. Þá er í 47. gr. laganna m.a. kveðið á um að sveitarstjórn skuli setja sér reglur um meðferð umsókna um húsnæði á vegum sveitarfélagsins. Jafnframt taki sveitarstjórn afstöðu til þess hvaða aðili í stjórnkerfi sveitarfélagsins taki ákvörðun um úthlutun.

Borið hefur á því að einstök sveitarfélög hafi sett í reglur sínar um félagslegt húsnæði sveitarfélagsins ákvæði þar sem lágmarkslennd búsetu umsækjanda í viðkomandi sveitarfélagi er gerð að skilyrði réttar til félagslegs húsnæðis.

Í lögmætisreglu stjórnsýsluréttarins felst annars vegar að ákvarðanir og reglur stjórnvalda skuli almennt eiga sér heimild í lögum og hins vegar að slíkar ákvarðanir og reglur megi ekki fara í bága við lög. Í fyrrnefndu reglunni, heimildarreglu lögmætisreglunnar, felst að stjórnvöld geti ekki íþyngt borgurunum með ákvörðunum sínum eða reglum nema hafa til þess viðhlítandi heimild í lögum. Gildir framangreint bæði um stjórnvaldsákvarðanir og almenn stjórnvaldsfyrirmæli. Af lögmætisreglu stjórnsýsluréttar leiðir þannig að íþyngjandi skilyrði í almennum stjórnvaldsfyrirmælum, svo sem samþykktum eða reglum sveitarfélags, skuli eiga sér stoð í lögum. Jafnframt er gerð sú krafa að þær fari ekki í bága við gildandi lög.

Líkt og fram hefur komið fela lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sveitarstjórnnum að setja sér reglur um meðferð umsókna um húsnæði á vegum sveitarfélagsins, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 47. gr. laganna. Slíkar reglur skulu samkvæmt framansögðu vera í samræmi við gildandi lög um félagslegt húsnæði sveitarfélaga og byggja á málefnalegum sjónarmiðum. Sem fyrr greinir er mælt fyrir um skyldur

sveitarfélaga til að tryggja framboð af félagslegu íbúðarhúsnæði handa þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði og til að veita þeim úrlausn í húsnæðismálum í XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Almenn ákvæði um rétt til félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að finna í IV. kafla laganna. Þar segir í 12. gr. að sveitarfélög skuli sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögnum og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum. Aðstoð og þjónusta skuli jöfnum höndum vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.

Í 1. mgr. 13. gr. laganna segir enn fremur að með íbúa sveitarfélags sé í lögnum átt við hvern þann sem lögheimili á í viðkomandi sveitarfélagi. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að verði eigi upplýst um lögheimili manns er leiti aðstoðar skuli honum veitt aðstoð þar sem hann dvelur. Loks segir í 3. mgr. 13. gr. að flytjist maður milli sveitarfélaga skuli hann eiga rétt til þjónustu í því sveitarfélagi er hann flyst til þegar hann hefur tekið sér þar lögheimili. Enginn öðlist þó rétt til þjónustu eða aðstoðar í öðru sveitarfélagi með dvöl sem ekki er ígildi fastrar búsetu, sbr. lög um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018.

Samkvæmt framangreindu hefur löggjafinn mælt fyrir um að réttur til þjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga stofnist við lögheimilisskráningu í viðkomandi sveitarfélagi í þeim tilvikum þegar einstaklingur flytur milli sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 13. gr. laganna. Geta ákvæði í reglum eða samþykktum einstakra sveitarfélaga um félagslegt húsnæði ekki vikið til hliðar þeim réttindum sem löggjafinn hefur mælt fyrir um í lögum. Skilyrði um lágmarkslennd búsetu í sveitarfélagi sem gera ríkari kröfur til lengdar búsetu en framangreint ákvæði 3. mgr. 13. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga eru þannig andstæð lögnum og lögmætisreglu stjórnsýsluréttar og þar með ólögmæt.

Með vísan til framangreinds beinir félags- og barnamálaráðherra því til þeirra sveitarfélaga sem sett hafa skilyrði um lágmarksbúsetulengd í sveitarfélagini til að öðlast rétt til félagslegs íbúðarhúsnæðis eða annarrar þjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sem ganga lengra en heimilt er skv. 3. mgr. 13. gr. laganna að taka slík ákvæði til endurskoðunar þannig að þau samræmist lögnum. Í milltíðinni beinir ráðherra því enn fremur til hlutaðeigandi sveitarfélaga að byggja ekki á slíkum ákvæðum við afgreiðslu umsókna um félagslegt íbúðarhúsnæði eða veitingu annarrar félagsþjónustu enda samrýmist þau ekki lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Fyrir hönd félags- og barnamálaráðherra



Águst Þór Sigurðsson



Lísa Margret Sigurðardóttir

Samrit: Samband íslenskra sveitarfélaga.